


SÓLVANGUR HJÚKRUNARHEIMILI 2016

FUNDARGERÐ VERKFUNDAR

Framkvæmdaraðili:	Hafnarfjarðarbær	Fundur nr. :	48
Verktaki:	Munck Íslandi ehf		
Fundarstjóri:	Arnar Smári Þorvarðarson	Fundarritari:	Hilmar Ástþórsson
Fundarstaður:	Verkstað		
Þátttakendur:			24.04.2019
Ásthildur Helgadóttir (ÁH)	Munck	asthildur@munck.is	620 8009
Jón Ingi Guðmundsson (JIG)	Munck	joningi@munck.is	894 6488
Þorvarður Kristófersson (ÞK)	Munck	thorvardur@munck.is	842 2180
Arnar Smári Þorvarðarson (ASÞ)	Verkís	ast@verkis.is	892 3935
Gísli Ó. Valdimarsson (GÓV)	VSB	gisli@vsb.is	660 8612
Hilmar Ástþórsson (HÁ)	Verkís	hia@verkis.is	846 0011
Dreifing: Fundarmenn			Næsti fundur:
Theodór Sólonsson (TS)	Munck	teddi@munck.is	842 2142
Agnar Strandberg (AS)	Munck	agnar@munck.is	842 4749
Stefán Veturliðason (SV)	VSB	stefan@vsb.is	660 8606
Sigurður Haraldsson (SH)	Hfj.bær	siggi@hafnafjordur.is	664 5631
Verkkaupi setur fundargerð á vef Hafnarfjarðar og verður hún þar með opinbert gagn.			
			Miðvikudaginn 8.maí 2019, kl 8:30 á verkstað.



Vettvangsmyndir teknar fundardag.



Nr. **FUNDARGERÐ:** Frestur: Ábm.:
Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi.

1. Fundargerðir.

Fundargerð síðasta verkfundar, nr. 47 var yfirfarin og undirrituð.
Haldnir hafa verið 31 rýnifundir og eru gerðar um þá sér fundargerðir.

2. Umsjón verkkaupa.

Umsjón verkkaupa er :

Verkefnisstjóri: Stefán Veturliðason (VSB)
Byggingastjóri: VSB verkfræðistofa, umsj. Gísli Ó Valdimarsson
Umsjónarm. eftirlits: Arnar Smári Þorvarðarson (Verkís)
Eftirlit: Hilmar Ástþórsson (Verkís)

3. Umsjón verktaka.

Umsjón verktaka er :

Verkefnastjóri: Agnar Strandberg
Staðarstjóri: Ásthildur Helgadóttir
Verkstjóri: Theodór Sólonsson, Þorvarður Kristófersson
Jarðvinna: Einar Þór Stefánsson
Tæknimaður: Jón Ingi Guðmundsson
Gæðastjóri: Liggur ekki fyrir.
(Sigurbjörn Bárðarson er hættur störfum hjá Munck.)

Theodór er í fríi, kemur aftur til vinnu þann 25. maí.

4. Tryggingar.

Verktrygging – Trygging liggur fyrir og er hluti samningsgagna.

Ábyrgðatryggingar - Staðfesting liggur fyrir frá tryggingafélagi að trygging sé í gildi.

Verkkaupi hefur upplýst eftirlit að mannvirkið og byggingarefni á verkstað sé brunatryggt. Skilmálar liggja ekki fyrir hjá eftirliti.

5. Öryggisráðstafanir/öryggismál.

Áfram er sérstaklega hugað að umferð gangandi vegfarenda um bæði Sólvangsveg og við Tjarnarbraut, en skólastarf er í fullum gangi. Brýnt að vinnugirðingar og aksturshlið séu ávallt lokuð og verktaki sé áfram vakandi fyrir umferð vinnuvéla um Sólvangsveg, sérstaklega við lóðarfrágang og móttöku aðfanga.

Verktaki hefur sett upp fallvarnir/girðingar við brún þakflatar, en vinna við þakfrágang er í gangi. Þar sem fallvarnir hafa verið fjarlægðar hafa verið settar upp flaggalínur.

Verktaki verður var við aukna ásókn barna inn á vinnusvæði og rætt var um að yfirfara girðingar og hlið.

6. Undirverktakar/meistarar.

Undirverktakar:

- *Pípulagnir: Pípulagningameistarinn ehf.*
- *Uppsáttur og uppsteypa veggja: Roko (Pólskt fyrirtæki)*
- *Blikksmíði og loftræsting: Stjörnublikk ehf.*



- *Raflagnir: Tengill ehf.*
- *Járnending: Járn SFM ehf*
- *Flotlögn gólfa: Flotun ehf, Guðmundur Björnsson*
- *Málari: Jón og Marteinn málningarþjónusta ehf*
- *Steinslípun: Litli klettur*
- *Asfaltdúkur: Tambi*
- *Gluggar: Alu plus*
- *Álklæðning: OSS - One Stop Shop*
- *Innréttingar: BIK*
- *Lóðarfrágangur: Krafla ehf.*
- *Léttir gífsveggir og loft: Íslandssmiðar*
- *Gólf- og veggdúkar: OG slf.*
- *Gólfílagagnir baðherbergja: JK Múr*
- *Fólkslyftur: Kone*
- *Gluggafrágangur að innan: SS Múr*
- *Flóttastigar: Vélsmiðja Konráðs*
- *Steðji: málsmiði súlna í tengigangi*
- *Ístak: suðumenn í súlum tengigangi*
- *Stálsmiði: Tækni ehf*
- *Þakfrágangur: Höfuðverk*
- *Hurðaðsetning: Þráinn Smiður ehf*

Iðnmeistarar:

- *Pípulagningameistari: Magnús Kristinsson*
- *Húsasmiðameistari: Tómas Haukur Tómasson*
- *Raflagnameistari: Haraldur Jón Arason*
- *Blikksmiðameistari: Finnbogi Geirsson*
- *Dúklagningameistari: Örn Gunnarsson*
- *Múrarameistari: Yngvi Eiríksson*
- *Málarameistari: Ágúst Garðarsson*

7. Aðstaða verktaka.

Nýbygging er alfarið kynt með ofnum, hitakerfi hússins.

8. Athafnasvæði.

Skilgreint vinnusvæði er innan girðingar.

Mikilvægt að vinnusvæði sé ávallt lokað og ekki opið fyrir umf. óviðkomandi og það á jafnframt við um hlið.

Verktaki mun áfram hafa svæði austan nýbyggingar undirlagt fyrir aðföng, brýnt er fyrir verktaka að svæðinu skuli haldið eins snyrtilegu/skipulögðu og kostur er.

9. Veitustofnanir.

Heimæðar, rafmagnsheimtaug og samskiptastrengir :

Heimæðar fyrir bæði heitt og kalt vatn hafa verið lagðar inn í nýbyggingu.

Uppsetningu aðaltöflu er lokið og var hleypt á aðaltöflu 07.09.2018.

Bæði Míla og Gagnaveita hafa lagt ídráttarrör sín inn í nýbyggingu.

Ekki þarf símalínu fyrir lyftur, þar sem þær eru með GSM símabúnað.

Hins vegar þarf símalínu vegna brunaviðvörðunarkerfis, gengið verður áfram eftir því að útvega símalínu í nýbyggingu, er í ferli.

GÓV



Orkukostnaður:

Eftirlit/verkkaupi mun óska eftir aflestri á mælum um næstkomandi mánaðarmót og farið verði í uppgjör á milli verktaka og verkkaupa hvað þetta varðar. Skipt verði um greiðanda reikninga í verklok.

Tekinn verður aflestur eftir næstu helgi, sent inn á Veitur og gengið frá uppgjöri í framhaldinu.

ASP

10. Samstarf við aðra.

Verkkaupi (GÓV/ASP) mun undirbúa í samráði við stjórnendur Sólvangs, hvernig verður staðið að tengingum við byggingarhlutann og gera grein fyrir útfærslum við verktaka.

Utanaðkomandi aðili kemur til með að setja upp lyftibúnað í íverurýmum. Ráðgert að uppsetning lyftibúnaðar hefjist fljótlega og tekur verktaki vel í það. Uppsetning lyftibúnaðar verður unnin í fullu samráði við verktaka, sem mun ávallt hafa forgang. Ekki liggur fyrir áætlun um tímasetningu þessa þáttar.

ASP

11. Gæðamál.

Verktaki hefur afhent gæðahandbók (barst 23.02.2018).

12. Vinnutími.

Daglegur vinnutími á virkum dögum er frá 07:00 til 18:00 en á laugardögum frá 09:00 til 16:00. Einnig er tilfallandi sem unnið er lengur eða um helgar.

13. Mannafli og tæki frá síðasta verkfundi.

Tæki á verkstað	
Skotbómulyftari	2
Hjólagrafa	0-1
Vörubíll með krana	0-1
Loftpressa (eftir þörfum)	1
Byggingarkrani (Liebherr 81k)	1
Tækja og geymslugámar	1
Hefill	0
Valtari	0
Jarðvegsþjappa	1
Minigrafa	1
Efnisgámar – Timbur/stál/annað	3
Vinnupallar á hluta húss	1/3
Spjót	1
Vörubílar	0
Bobcat	1
Saxlyfta	1

Mannafli á verkstað	
Staðarstjórar	1
Verkstjórar	1
Tæknimaður	1
Mælingarmaður	0-1
Smiðir	7
Múrarakar	0-2
Jarðvinna	2-3
Verkamenn	3
Rafvirkjar	5-7
Píparar	2-3
Blikkarar	0-2
Málarar	4-5
Kjarnaborun	0
Pappalögn	2-4
Gluggaísetning	0-4
Lóðarfrágangur	5
Utanhússklæðning	6
BIK innréttingar	0
Lyfta Kone	0-2
Dúkarar	4
Ísetning innihurða	0
Þakfrágangur	0-6
Samtals:	43-67



14. Dagskýrslur.

Verktaki hefur sent dagsskýrslur til og með 31.03.2019. Verktaki kemur til með að senda nýjustu skýrslur á næstu dögum.

15. Veðurfar.

Frá síðasta verkfundi, fyrri vikuna var veður nokkuð rýsjótt og úrkomusamt/rigning.

16. Verkstaða – áætlanir, næstu verk.

Verkstaða:

Aðstaða

Aðstöðusköpun er lokið.

Jarðvinna

Jarðvinnu er svo gott sem lokið, eftir er að klára lagnaskurð undir kranastæði.

Eftir er að fylla í inngarði en lokið er við að fjarlægja lífrænt efni (mold).

Burðarvirki

Uppsteypu er lokið.

Stálsúlur (SHS) í tengigang er lokið, Búið er að setja upp stálvirki skyggna yfir svölum 3.hæðar, en eftir er að setja skyggni yfir aðalinngang.

Lagnir

Uppsetning þakniðurfallsröra er lokið um 90%.

Niðurlögn regnvatnslagna í jörðu er lokið að fullu, nema undir kranastæði.


Lagnavinnu undir inngarði og tengigangi er að mestu leyti lokið.

Lokið er að steypa með lögnum í lóðréttum hæðarskilum.

Vinna við tengigrind er í gangi og er búið að hleypa á hana að hluta til og þar með ofna.

Snjóbræðsla hefur verið lögð frá aðalinngangi (austur) og að malbikuðum stíg norðan nýbyggingar.

Búið er að þrýstiprófa hita- og sprinklerlagnir. Farið er að huga að þrýstiprófun neysluvatnslagna.



	Kjallari	1.hæð	2.hæð	3.hæð	4.hæð
Fráveitulagnir	100%	100%	100%	100%	-
Vatnsúðalagnir	50%	95%	95%	95%	90%
Hitalagnir	98%	98%	98%	98%	-
Gólfhitalagnir	100%	100%	100%	100%	-
Ofnar	90%	95%	95%	93%	100%
Neysluvatnslagnir	95%	98%	98%	95%	-
Vatnskassar salerna	100%	100%	100%	100%	-
Sprinklerstútar	-	80%	30%	-	-

Raflagnir

Vinna við raflagnir í lóð er lokið, nema ljósapollar í stíg með norðurhlið byggingar.

Búið er að leggja hringjörð jarðskauts (eftir að mæla það).

Vinnu við aðaltöflu er lokið og búið er að hleypa á hana. Smíði annarra rafmagnstafla er lokið, sjö rafmagnstöflur eru komnar á verkstað og uppsetning þeirra er lokið á 1.hæð (austur- og vesturhluta) og vinna hafin við tengingu. Uppsetningu rafmagnstafla á 2.hæð er í gangi.

Uppsetning fólkslyfta er langt komin, um 95% lokið, úttekt er eftir.

	Kjallari	1.hæð	2.hæð	3.hæð	4.hæð
Vinnulýsing	100%	100%	100%	100%	-
Raflagnastigar	100%	100%	100%	100%	-



Röralagnir (léttir veggir)	98%	100%	100%	100%	-
Útdráttur lágsþenna	-	100%	100%	100%	100%
Útdráttur smáþenna	-	100%	100%	100%	100%
Aðalstofnar	100%	100%	100%	100%	100%
Brunakerfi strengir	-	100%	95%	95%	-
Upps. tengla og rofa	-	98%	98%	100%	-
Upps. Lampa	-	90%	80%	30%	-

Frágangur utanhúss

Þak tengigangs kjallara er lokið.

Frágangur þakflatar; búið er að einangra um 95% og setja neðra lag asfaltdúks ofan á um 95% þakflatar. Niðurlögn efra asfaltlags er lokið um 50%.

	Vesturhlið	Austurhlið	Norðurhlið	Suðurhlið
Þétta lárétt steypuskil	100%	100%	90%	100%
Gluggaísetning	100%	100%	100%	100%
Einangrun útveggja	100%	100%	100%	90%
Festivinklar klæðninga	100%	100%	100%	100%
Leiðarar og undirkerfi	100%	100%	95%	95%
Álklæðning	90%	90%	85%	90%

Á suður-, norður- og austurhlið er einangrun útveggja og vinna við múrkerfi langt komin.

Svalahandrið eru komin úr galvanhúðun og uppsetningu er lokið ca. 40%.

Skyggni yfir svölum, búið er setja upp sperrur, krossviðsklæða og pappaleggja. Komið er vel á veg að setja timburgrindur neðan á svalaloft og klæðning hafin.

Tengibygging, búið er mestu að festa upp gluggakarma og pósta. Gler er komið til landsins.

Frágangur innanhúss

Í baðaðstöðu í kjallara er búið að hlaða veggi og múra.

Allar innihurðir eru komnar á verkstað.

	Kjallari	1.hæð	2.hæð	3.hæð	4.hæð
Innveggir (grindur)	100%	100%	100%	100%	-
Innveggir (einföldun)	100%	100%	100%	100%	-
Innveggir (Tvöföldun)	90%	100%	100%	100%	-
Veggir með skolkossum	-	100%	100%	100%	-
Gífsbitar	80%	100%	100%	100%	-
Steinslípun	100%	100%	100%	100%	100%
Föst gífsloft	-	100%	100%	100%	-
Sandspörslun	100%	100%	100%	100%	100%
Sparslvinna innveggir	70%	95%	95%	95%	-
Rykbinding	100%	100%	100%	100%	-
Málun	50%	90%	90%	85%	-
Múrviðgerðir	100%	100%	100%	100%	-
Gífsafklæðning innr.	-	100%	100%	100%	-
Innréttingar íverurými	-	100%	100%	100%	-
Múrhúðun gluggakanta	95%	100%	100%	100%	50%
Festingar fyrir lyftib.	-	100%	100%	100%	-
Kerfisloft	-	95%	85%	80%	-
Dúklögn íverurýma	-	100%	100%	50%	-
Dúklögn baðherbergja	-	70%	50%	-	-
Dúklögn veggja baðh.	-	80%	-	-	-
Dúklögn annarra rýma	-	100%	40%	15%	-
Innihurðar íverurýma	-	90%	80%	40%	-



Flotun gólfa:

Flotun er lokið, nema tengigangur yfir í eldri byggingu og tengigangur í kjallara.

Loftræsing:

Búið er að koma fyrir inntaksháfi og brunni fyrir frákast loftræsingar.

Búið er að koma fyrir útsogsblásurum á þaki.

Uppsetning loftræsikerfis er að öðru leyti langt komin en eftir er; uppsetning dreifara og ventla (hafið).

	Kjallari	1.hæð	2.hæð	3.hæð	4.hæð
Stofnlagnir	100%	100%	100%	100%	-
Útsogsstokkar	-	100%	100%	100%	-
Ferskloftsventlar:					
Steypa í núverandi göt	-	100%	100%	100%	-
Kjarnaborun	-	100%	100%	100%	-
Asfalt yfir núverandi göt	-	100%	100%	100%	-
Ísetning ferskloftsventla	-	95%	95%	95%	-

Lóðarfrágangur:

Búið er að setja upp ljósastaura.

Búið er að grafa fyrir, steypa og fylla að steiptum veggjum djúpgáma sorps. Djúpgámar eru komnir til seljanda, verða teknir á verkstað þegar það hentar.

Búið er að malbika bílastæði (02.09.2018) og steypa kantstein (09.10.2018).

Búið er að helluleggja lóð austan nýbyggingar, þ.e. framan við heilsugæslu, inn að aðalinngangi og meðfram austurgafli.

Búið að steypa undirstöður timburpalls, byggja upp burðargrind og klæða timburpall.

Eldri húshlutar:

Búið er að fjarlægja klæðningu útveggja Sólvangs þar sem tengigangur leggst að, gert 7.-8. apríl.

Næstu verk: (2 vikur, eða að næsta verkfundi)

Aðstaða

Hugsanlega verði hugað að lagfæringu á vinnugirðingu norðan við nýbyggingu, meðfram göngustíg.

Jarðvinna

Unnið í lagnaskurðum sunnan tengigangs.

Burðarvirki

Unnið að uppsetningu og klæðningu skyggna yfir aðalanddyri.

Lagnir

Áfram unnið að uppsetningu vatnsúða-, neyslu- og hitalagna.

Vinna að uppsetningu þakniðurfallsröra.

Vinna að tengigrind húss.

Ljúka frárennslis- og regnvatnslögnum vestan aðalbyggingar og sunnan tengigangs.

Unnið að uppsetningu sprinklerstúta.

Unnið að uppsetningu hreinlætistækja.

Niðurlögn snjóbræðslulagna vestan við hús.

Raflagnir

Tengivinna, frágangur strengja inn í töflur.

Vinna að uppsetningu rafmagnstaflna.

Áfram unnið við tengla og rofasetningu.



Vinna að uppsetningu lampa í íverurýmum og almennum rýmum.

Loftræsilagnir

Ljúka ísetningu ferskloftsventla að utanverðu og vinna áfram að uppsetningu dreifiboxa og ventla.

Frágangur utanhúss

Halda áfram með frágang þakflatar.

Vinna að yfirborðsfrágangi svalagólfa ef aðstæður/veður leyfir.

Vinna áfram að uppsetningu áklæðningar og vinna áfram að uppsetningu timburklæðningar undir svölum.

Klára ísetningu útihurða, tvær eftir.

Uppsetning svalahandriða.

Ísetning glers í gluggavirki tengigangs.

Frágangur innanhúss

Vinna að uppsetningu á burðarkerfi og kerfisloftaplötum.

Unnið að málun.

Vinna að dúklögn gólfa og veggja baðherbergja á 1. og 2.hæð.

Vinna að dúklögn íverurýma á 3.hæð og sameiginlegra rýma.

Unnið áfram í íverurýmum að ísetningu á bæði innihurða og rennihurða baðherbergja.

Lóðarfrágangur

Svæði norðan heilsugæslu/austan nýbyggingar og hefja yfirborðsfrágang sunnan við hús.

17. Verkáætlun.

Gildandi verkáætlun er frá 13.03.2019, verklokadagsetning er 3.júní 2019. Verktaki telur verkstöðu vera nokkurn veginn til samræmis við gildandi verkáætlun.

Hinsvegar vekur verktaki athygli á að horft til nýrra teikninga varðandi tengibyggingu kjallara þá benda það til að seinkun verði á verklokum. Einnig bendir verktaki á lista yfir atriði sem verktaki bíður efir, samanber bókun undir önnur mál.

Verktaki hefur undanfarið rætt við undirverktaka sína með að fjölga mannskap á verkstað sem hefur verið brugðist við og hefur bæði rafvirkjum og dúkurum fjölgað.

Eftirlit kallar eftir því að verktaki endurskoði verkáætlun sína og uppfæri hana til samræmis við raunstöðu verkþátta og þá áætlaðra verkloka.

Verktaki bendir á að uppfærsla á verkáætlun sé háð vinnu í tengigangi kjallara, telur sig ekki geta gefið upp raunhæfa verkáætlun fyrr en tímaáætlun vegna tengigangs liggja endanlega fyrir. Eftirlit upplýsir að verktaki skuli gera ráð fyrir að geti hafist handa við verkþætti tengda tengigangi þegar í stað.

Verktaki kemur til með að endurskoða verkáætlun sína og leggja fram uppfærða verkáætlun fyrir vikulok.

ÁH

Eftirlit staðfestir að skipta þurfi um þegar upp setta gólfduka í baðherbergjum íverurýma á 1.hæð, í þeim rýmum þar sem lagður var rangur dúkur. Ef verktaki hafi upplýsingar sem sýni að ekki sé þörf á því er óskað eftir að fá þær.



Rekstraraðili ráðgerir að koma með í heildina 40 rúm á verkstað fljótlega, sem þarf að setja upp og forfæra inn í íverurými. Það verður gert í fullu samráði við verktaka. Liggur ekki fyrir nákvæm dagsetning sem stendur.

GÓV

18. Hönnun (breytingar).

Á verkfundinum, 24.04.2019, lagði verktaki fram eftirfarandi bókun; Teikningar koma seint og illa og oftast en ekki eru þær vitlausar þegar þær berast. Einnig vantar oft verkfyrirmæli og verklýsingar.

19. Teikningar og önnur gögn.

Frá síðasta verkfundi (nr.47) hafa verið gefnar út:

- 11 breyttar verkeikningar arkitekta
- 5 breyttar verkeikning lóðar

Samtals: 16 breyttar verkeikningar frá síðasta verkfundi.

Alls hafa því verið gefnar út $345+107+106+136+24 = 718$ breyttar útgáfur teikninga. (arkit.+burð.+lagn.+rafl.+lóð), auk þess sem 36 nýjar útgáfur teikninga hafa verið gefnar út.

Verktaki lagði fram eftirfarandi bókun þann 27.02.2019;

Á síðasta verkfundi gerði verktaki athugasemd við lið fundarlið nr. 19 – Teikningar og önnur gögn, samantekt útgefinna teikninga í verkinu og óskaði eftir að eftirlit færi yfir málið.

Eftirlit sagði munu gera það en bókaði hvorki athugasemd né fór yfir samantekt útgefinna teikninga sem er ennþá röng miðað við fjölda teikninga á teikningavefverkefnisins Dropbox.

Samantekt frá Dropbox:

Sólvangur	Gildar	Ógildar	Samtals
Aðaluppdrættir	10		10
Arkitekt	127	337	464
Burðarvirki	26	107	133
Lagnir	66	106	172
Lóðarfrágangur	12	19	31
Rafkerfi	96	135	231
Samtals	337	704	1041

Verktaki er ekki sannfærður um að samtala eftirlits varðandi breyttar verkeikningar sé rétt og biður eftirlit um að skoða frekar og bera saman við fjölda teikninga á verkefnavef. Eftirlit er að vinna í að fara yfir og bera saman fjölda breyttra teikninga.

HÁ

Verktaki kallar eftir lista yfir væntanlegar breyttar/nýjar verkeikningar frá hönnuðum og útlistun á hvenær þeirra er að vænta.

Eftirliti er kunnugt um að von sé á eftir eftirfarandi teikningum;

- *Tenging við eldri byggingu, tengigangur kjallara. Unnið er að uppfærðum verkeikningum hvað þetta varðar, eftirlit mun sömuleiðis senda frá sér orðsendingu. Umræddar teikningar voru gefnar út 1. apríl. Eftirlit hefur gert frekari grein fyrir og óskað eftir verðtilboði verktaka í umrædda verkþætti, afhent með orðsendingu eftirlits nr. 122.*



Eins og áður hefur komið fram varðandi inngarð skal verktaki fjarlægja lífrænan jarðveg (mold) úr inngarði og fylla upp með burðarhæfu fyllingarefni í kóta +15.00. Ekki liggja fyrir frekari fyrirmæli um framkvæmdir í inngarði. Búið er að fjarlægja efni en eftir er að fylla.

20. Efnisútvæg / efnisvottorð.

Frá síðasta verkfundi hefur verktaki sent inn eftirfarandi efnissamþykktir; Búnaður á baðherbergi og uppfærða efnissamþykkt rafkerfa (snúningsdimmerara).

Frá síðasta verkfundi hefur eftirlit formlega afgreitt/ svarað eftirfarandi efnissamþykktum;

Búnaður á baðherbergi.

Óafgreiddar efnissamþykktir		
Efnissamþykkt	Ábyrgð	Skýring
#6.4-2-3.0 Þétting milli karms/steins	Munck	Eftirlit hefur tekið afstöðu til
#6.4-5.1 Festingar glugga	Munck	Eftirlit hefur tekið afstöðu til
#6.9.1-1.0 Reyklúgur	Munck/ Verkís	Í ferli.
#6.6-2.1 Smíðateikningar skyggna	Munck	Eftirlit hefur tekið afstöðu til
#6.6-3.0 Svalahandrið	Munck	Eftirlit hefur tekið afstöðu til
#5.0-1.1 Rafkerfi, snúningsdimmer	Verkís	Í yfirferð

Eftirlit mun skoða hvort verktaki hafi svarað þeim fyrirspurnum sem lagðar voru fram varðandi reyklúgur.

Rætt um baðker í baðaðstöðu í kjallara, skoða þarf hvort til sé tilboðsliður og verklýsing í samningsgögnum.

ASP

21. Viðbótarsamningsverk.

Ekkert bókað.

22. Aukaverk.

Verktaki hefur vakið athygli á eftirfarandi aukaverkum:

Breytingar og uppsteypa trappna í núverandi byggingu er ekki skilgreindur verkþáttur. Teikning hefur verið afhent, eftirlit mun senda orðsendingu sem gerir frekari grein fyrir verkþætti. Eftirlit hefur gert frekari grein fyrir með orðsendingu sinni nr. 122.

Lögð verður áhersla á að afgreiða efnislega þau aukaverk sem þegar hafa verið unnin. Krafa verktaka um biðtíma er enn óafgreidd en eftirlit og staðarstjóri verktaka hafa fundað vegna þessa. Eftirlit hefur tekið afstöðu til, með orðsendingu nr. 064. Verktaki mun svara.

ÁH

Verktaki upplýsir um að hann líta á það sem aukaverk að steypa stalla undir gólfsíða glugga. Eftirlit mun skoða gögn hvað það varðar. Eftirlit hefur tekið afstöðu til, með orðsendingu nr. 061. Verktaki mun svara.

ÁH

Verktaki vekur athygli á verkþáttum í lóðarfrágangi sem ekki eru til einingaverð fyrir, eins og t.d. setbekkur við aðalinngang og lágbandagirðing. Eftirlit kemur til með að skoða frekar.

HÁ



Verktaki kallar eftir viðbrögðum við orðsendingu sinni nr. 038, uppgjör á vinnu vegna tengigangs (burðarvirki). Rætt hefur verið að verktaki taki saman og geri grein fyrir kröfu sinni vegna þessa, verktaki hefur gert grein fyrir kröfu sinni með orðsendingu nr. 109. Eftirlit er að skoða.

ASP

Verktaki kallar eftir nýrri tilboðsskrá/magnskrá fyrir innihurðir. Eftirlit hefur farið yfir sent breytingar/uppfærða tilboðsskrá/magnskrá, s.br. orðsending eftirlits nr. 091. Verktaki hefur svarað og lagt fram einingaverð líkt og eftirlit óskaði eftir. Eftirlit er að fara yfir og mun taka afstöðu til.

ASP

Verktaki hefur kallað eftir aukaverkabeiðnum vegna eftirfarandi; Breytingar á raflagnastiga við þvergang í kjallara og í baðaðstöðu í kjallara. Eftirlit er að skoða.

HÁ

23. Magntölur.

- Verktaki vekur athygli á að magn fyllinga í og utan grunns er nokkuð meira en magnskrá gerir grein fyrir. Verktaki mun leggja fram útreikninga/mælingar þess til uppgjörs verkþáttar. Verktaki hefur skilað inn bráðabirgða útreikningum fyrir fyllingar, en á eftir að skila inn nákvæmari útreikningum.
- Verktaki hefur sent frá sér útreikninga varðandi magnaukningu á einangrun á grunnplötu.
- Athygli er vakin á því að flotlögn sé líklegast nokkuð vanáætluð í magnskrá.
- Verktaki vekur athygli á að líklega verði magnaukning í rafmagnsdósum og röralögnum, verktaki gerir grein fyrir því þegar gögn liggja fyrir.
- Verktaki hefur sent frá sér orðsendingu og mælibréf vegna magnaukninga í áklæðningu, hornáfellum og vatnsbrettum. Eftirlit hefur farið yfir og magntekið umrædda tilboðsliði, s.br. orðsending eftirlits nr. 100. Ráðgert að haldinn verði uppgjörsfundur í næstu viku þar sem farið verði yfir magn tilboðsliða tengdum klæðningu. Haldinn hefur verið fundur og er afgreiðsla þessa í ferli aðila á milla. Eftirlit hefur svarað orðsendingu verktaka varðandi kostnaðarauka á burðarkerfi.
- Verktaki vekur athygli á að magntölur kerfisloftaplatna séu á skjön við magnskrá.
- Verktaki vekur athygli á breytingum sem orðið hafa verið á innréttingum, innihurðum og gluggum. Þörf sé á að endurskoða magnskrá vegna þessa. Eftirlit hefur farið yfir og uppfært magnskrá innihurða m.t.t. verkeikninga, s.br. orðsending eftirlits nr. 091. Verktaki hefur lagt fram verð, s.br. orðs. verktaka nr. 119, sem eftirlit er að yfirfara
- Upplýst um magnaukningu í tilboðslið 3.8.1 - Kjarnaborun. Eftirlit óskar eftir mælibréfi frá verktaka þannig að hægt sé að fara í uppgjör á umræddum verkþætti.
- Upplýst um magnaukningu í kúlulokum.
- Magn á timburklæðningu undir skyggni, yfir svölum og aðalanddyri er minna en magnskrá gerir ráð fyrir.
- Eftirlit hefur farið yfir og magntekið málun léttra veggja og bita, s.br. orðsendingu eftirlits nr. 085.

ÁH

ÁH

ASP

ÁH



- Verktaki upplýsir um magnaukningu á stáli í skyggnum yfir svölum/aðalanddyri, kemur til með að senda frá sér mælibréf hvað það varðar.
- Verktaki bendir á að umfang handlista á baðherbergjum íverurýma hafi aukist frá útboðsstigi.
- Tilkynnt um magnaukningu í sprinklerlögnum, stútum og reykskynjara. Til komið vegna ráðstafanna sem gera þarf ofan kerfislofts á 4.hæð.

Aðilar sammála um að klára uppgjör á loknum og langt gengnum verkþáttum eins fljótt og kostur er. Eftirlit kallar eftir því að farið verði í uppgjör á þeim verkþáttum sem loknir eru og eða langt komnir, t.a.m burðarvirki og jarðvinna. Verktaki upplýsir að útreikningar burðarvirkis og verði lagðir fram í næstu viku.

ÁH

Verktaki og eftirlit hafa hist á magnuppgjörsfundum, ráðgert er að hittast aftur í næstu viku.

24. Rannsóknir.

VPS verkfræðistofa hefur tekið út suðuvinnu stálsúlna og hefur verktaki sent úttektarskýrslu á eftirlit. Eftirlit hefur kallað eftir frekari upplýsingum með úttektarskýrslu, þ.e. auðkenningu/frekari upplýsingar um merkingu súlna, verktaki er að skoða og mun svara. Eftirlit ítrekar ósk sína að fá frekari upplýsingar um auðkenningu stálsúlna. Verktaki hefur sent umræddar upplýsingar á eftirlit.

25. Mælingar.

Innmæla þarf lagnir í inngarði áður en þær verða huldar.

Í gær 9. apríl var framkvæmd önnur hljóðmæling, en á öðrum rýmum, þ.e. rýmum A 102 og A 103. Niðurstöður liggja fyrir og ljóst er að hljóðmæling stóðst ekki tilsettar kröfur.

26. Bréf/orðsendingar.

Verktaki hefur lagt fram orðsendingar til og með nr. 145.
Eftirlit hefur lagt fram orðsendingar til og með nr. 131.

27. Reikningar.

Drög að framvindureikningi nr. 23 er væntanlegur í næstu viku.

28. Kröfur.

Bréf frá Logos, með kröfum verktaka hefur borist til Juris (verkkaupa), dagsett 11.12.2018. Í umræddu bréfi eru upplistaðar fram komnar kröfur verktaka.

Verkkaupi og verktaki hittust á fundi vegna krafna, þann 13.12.2018. Minnisblað frá umræddum fundi var sent út þann 18.12.2018.

Bréf frá Logos, með kröfum verktaka hefur borist verkkaupa, dagsett 28.janúar 2019.

Nýtt bréf frá Logos, hefur borist verkkaupa, dagsett 22.febrúar 2019.



Ráðgjert að verktaki, verkkaupi og eftirlit hittist á fundi í næstu viku og fari yfir fyrirbyggjandi kröfur verktaka. Fundur var haldinn þann 12.apríl, ráðgjert er að funda aftur fljótlega.s

29. Tafabætur.

Ekki tekið fyrir.

30. Rif gamalla mannvirkja.

Skoða þarf frekar og gera grein fyrir tengigangi kjallara, þ.e. hvernig tenging við eldri byggingu verði útfærð, s.br. umræður og bókun þar um á rýnifundi nr. 021. Eftirlit hefur gert frekari grein fyrir með orðsendingu sinni nr. 122.

31. Úttektir, byggingafulltrúi.

Úttektir byggingafulltrúa og byggingastjóra eru í samræmi við hefðbundið ferli. Sama gildir um úttektir eftirlits.

Óskað hefur verið eftir því að verktaki sendi frá sér afrit af teikningum/kortlagningu uppsettra eldvarnarborða. Verktaki hefur sent eftirliti myndir og yfirlitsmynd af þegar uppsettum eldvarnarborðum, skoða þarf möguleika þess að keyra út gögn úr forriti. Þannig að gögn séu aðgengileg eftir að verk tíma lýkur (t.d. PDF).

Verktaki staðfestir að þeir sem aðgang hafa að verkefnavef þeirra (Procure) geti skoðað umrædd gögn. Óskað er eftir því að verktaki skoði frekar hvort hægt sé að keyra út gögn úr verkefnavef, ef ekki þarf að ganga úr skugga um að umrædd gögn séu sett fram á annan máta þannig að þau séu aðgengileg eftir framkvæmdatíma, t.a.m grunnmynd með tilvísun í ljósmyndir sem viðhengi.

ÁH

Rætt um áfangaúttektir lagna, hafa þarf í huga að taka út t.a.m stofnlagnir loftræsingar sem ganga upp á milli hæða. Þær þarf að taka út áður en lagnastokkar eru klæddir af (eru í sama brunahólfi og kjallari). Búið er að taka út lóðrétt loftræsistokka (á milli hæða), verktaki á eftir að fá afhenta staðfestingu/úttektarblað. Ó.br. frá síðasta verkfundi.

GÓV

Rætt um setja upp nýja möppu á verkefnavef (Dropbox), þar verði komið fyrir úttektarblöðum/skýrslum vegna úttekta/þrýstiprófana lagna. Búið er að setja upp nýja möppu á verkefnavef, „Úttektir“. Það er í vinnslu að koma úttektum inn á dropbox á rafrænu formi.

GÓV

Rætt var að frágangur þakflatar sé úttektarskyldur skv. byggingarreglugerð. Frágangur þakflata hefur verið tekin út jafnóðum, samhliða vinnu, heldur áfram þar til frágangi þakflatar er lokið að fullu. Óskað er eftir því að verktaki „rissi“ upp og geri grein fyrir hólfaskiptingu þakflatar.

ÁH/TS

32. Verklok.

Samanber bókun undir fundarlið nr. 17. Gildandi verkáætlun er dagsett 13.03.2019 og verklokadagsetning er 3.júní 2019.

Verkkaupi upplýsir, líkt og fram hefur komið í orðsendingum, að búið sé að samþykkja formlega framlengingu á verk tíma um 29 daga. Verktaki bendir á að enn séu að berast nýjar/uppfærðar verkeikningar.



33. Samningslok.

Ekki tekið fyrir.

34. Önnur mál.

Verktaki kallar eftir frekari skoðun á frágangi nokkurra atriða;

- *Útfærslu opnunar rennihurða í þremur frábrugðnum baðherbergjum í austurhluta og þá tilheyrandi útfærslum. Ræddar voru lausnir, eftirlit mun fara yfir með hönnuði og afgreiða til verktaka. Afgreitt, með orðsendingu eftirlits nr. 123.*
- *Þörf og umfang á frágangslistum á úthorn í hurðargötum baðherbergja í íverurýmum. Komið inn á teikningu, yfirlitsteikning stállista á úthorn (A 110) verður uppfærð til samræmis. Afgreitt, búið að gefa út uppfærða teikningu.*

Áréttað er að taka skuli út ísetningu og frágang innihurða áður en verkþáttur er fullkláraður, er þar horft til t.a.m þökkunar á steinull milli karms og veggjar. Verktaki sjái til þess að innri úttekt fari fram og eftirlit fái möguleika til úttekta sömuleiðis. Er í vinnslu/framkvæmd hjá verktaka samhliða hurðarísetningu.

Eftirlit óskar eftir að verktaki sendi frá sér skissu/lýsingu sem gerir skilmerkilega grein fyrir hvernig verklagi er háttað í hurðarísetningu, í samræmi við umræður þar um. Verktaki er að vinna að og kemur til með að senda á eftirlit.

ÁH

Skoða hvort koma skuli fyrir gardínum í glugga/svalahurð og hvernig það skuli útfært. Eftirlit mun skoða frekar og upplýsa um. Afgreitt, með orðsendingu eftirlits nr. 130.

Verktaki spyr hvort breytt hæðarlega á timburpalli hafi áhrif á lóðarfrágang í grennd við timburpall. Skoða þarf hvort hæðarsetning/útfærsla beða meðfram timburskjólvegg taki breytingum og þá hvort klæða eigi timburskjólvegg neðar en upphaflega var gert ráð fyrir. Eftirlit mun skoða og upplýsa um. Gefin hefur verið út uppfærð teikning og eftirlit gert grein fyrir með orðsendingu sinni nr. 127.

Verktaki spyr hvort setja þurfi upp skilti fyrir aðkomu sjúkbifreiða, ekki er gert ráð fyrir slíku. Eftirlit mun skoða og upplýsa um. Gerð hefur verið grein fyrir með orðsendingu eftirlits nr. 129.

Eftirlit óskar eftir því að verktaki skoði útfærslu/vinnulag burðarkerfis áklæðningar og, þ.e. festingar lóðrétttra prófíla við festivinkla. Í gögnum frá verktaka var gert ráð fyrir að lóðréttir burðarprófílar væru festir með 2stk hnoðum í hvern festivinkil, víða er einungis notast við 1stk hnoð. Óskað eftir að verktaki fari yfir heildstætt og geri frekari grein fyrir. Verktaki er að fara yfir þetta og mun gera grein fyrir.

ÁH/JIG



Á verkfundinum, 10.4.2019, fór verktaki yfir eftirfarandi lista og óskaði eftir að yrði bókaður. Listi yfir atriði sem verktaki bíður eftir og tefur framkvæmdir:

1. *Aukaverkabeiðni vegna breytingu kappa fyrir rennihurðir (orðs. 100 & 120).* Eftirlit og verktaki hafa verið í samskiptum vegna þessa, eru ekki sammála.
2. *Uppfærðum teikningum, verklýsingu og aukaverkabeiðni um þak tengigangs. (Orðsending nr.133) – Verktaki krefst framlengingar á verktíma og greiðslu fyrir tafadaga fyrir hvern biðdag.* Teikningar hafa verið uppfærðar, en eftirlit kemur til með að senda frá sér orðsendingu með frekari lýsingu verkpáttar.
3. *Útfærslu brunabéttingar milli hæða í tengigangi og eldvörn á súlum tengigangs (var rætt á rýnifundum nr. 5 og 11 dags 12.3.2018).* Eftirlit hefur gert frekari grein fyrir með orðsendingu sinni nr. 125.
4. *Veggir til að festa innréttingu í sameiginlegum rýmum, ekki skilgreind veggjagerð og ekki til einingarverð. Vantar því aukaverkabeiðni og verklýsingu.* Verktaki kemur til með að „skissa upp“/gera grein fyrir uppbyggingu. Rætt var aukakostnað vegna þessa þáttar og óskar eftirlit eftir að verktaki geri grein fyrir honum ásamt rökstuðningi við vísan í samningsgögn.
5. *5. Teikning A-213 G er enn þá vitlaus á teikningavef Dropbox. Þetta hefur því ekki enn verið lagfært eftir ábendingu verktaka þann 3.4.2019. Búið er að lagfæra teikningu og skipta út á verkefnavef.*
6. *Tengigangur kjallara: Teikningar gefnar út mánudaginn 1.4.2019 en verktaki bíður átekta eftir verklýsingu, verkpáttur getur ekki hafist fyrr. Ljóst er að verkpáttur mun hafa áhrif á verkáætlun og seinka verklokum.* Eftirlit hefur gert grein fyrir með orðsendingu sinni nr. 122, verktaki er að skoða og mun leggja fram verðtilboð.
7. *Gólfílögn í tengigangi – Verklýsingu og/aukaverkabeiðni – ekki til einingarverð (orðsending nr.140).* Eftirlit hefur sent frá sér orðsendingu vegna þessa, nr. 124. Verktaki er að skoða og mun leggja fram verðtilboð/einingaverð.
8. *Niðurstöðu í frágang við timburpall vegna breytingu á hæðarlegu.* Komin uppfærð teikning og orðsending eftirlits nr. 127.
9. *Lausn á rennihurðum í þremur íverurýmum sem eru 1400 mm, gengur ekki upp. Verktaki benti á þetta á rýnifundi nr. 4 þann 16.10.2018 en ekki enn þá komið svar. Þetta tefur verkið þar sem dúklögn er í fullum gangi.* Teikning hefur verið uppfærð. Skoða þarf ljósarofa og staðsetningu hans.
10. *Staðsetningu inndælingarstúts vegna sprinkler og stigleiðslu (orðsending nr. 137).* Afgreitt með orðsendingu eftirlits nr. 120.
11. *Enn vantar svar við fjölda orðsendinga.* Eftirlit hefur svarað þeim orðsendingum verktaka er snúa að ýmsum frágangsattriðum. Samskipti eru með nokkur aukaverk hvað varðar kostnað og aðilar eru ekki sammála um.

Fólkslyftur; verktaki er farinn að nota aðra fólkslyftuna, fyrst og fremst til efnisflutninga milli hæða. Verktaki upplýsir að BSI hafi tekið út lyfturnar og þar með sé í lagi að nota þær. Verktaki kanni hvort ekki þyrfti úttekt Vinnueftirlitsins áður en heimilt er að nota lyftur. Verktaki hefur sett varnir (masonite plötur) inn í lyftustól. Áréttað er að huga að og setja upp



fullnægjandi varnir innan lyftustóls, svo að skaddist/skemmist ekki við notkun.

Samþykkt fyrir hönd verktaka:

Samþykkt fyrir hönd verkkaupa:
